

LÖG

um breytingu á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013 (tegundir eldsneytis, gagnaskil).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um tegundir endurnýjanlegs eldsneytis sem telja má tvöfalt á við sama magn annars endurnýjanlegs eldsneytis til að uppfylla skilyrði 1. mgr.

b. 5. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „mánuði“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: tveimur mánuðum.

b. Í stað orðsins „þremur“ í 2. mgr. kemur: fjórum.

3. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 frá 9. september 2015 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og díseldsneytis og um breytingu á tilskipun 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orku-gjöfum eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. maí 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.